



**Ársskýrsla æskulýðsnefndar
Hestamannafélagsins Jökuls
2022**



Ágrip

Starfsár okkar í nefndinni hófst haustið 2021 og starfið datt formlega í gang 27. október með kynningarfundum í reiðhöllinni, boðið var upp á lifandi umræður, kynningu á starfsemi líðandi árs og hugmyndir félagsmanna teknar fyrir ræddar og skráðar ásamt hugmyndum nefndarmanna. Boðið var upp á mat og krakkarnir léku sér í reiðsalnum á eftir. Mæting var góð eða fullt hús. Um áramót sameinuðust félögin Logi, Trausti og Smári og kóvid setti okkur aðeins hömlur um tíma svo það féllu út einhverjir viðburðir sem hefðu annars átt að vera en að mestu komst kraftur í starfið eftir erfiða tíma og breytingar og við í nefndinni og æskulýðurinn horfir með björtum augum tækifæra á næsta starfsár sem hófst með sprengikrafti nú í haust.



Í æskulýðsnefndinni sátu:

Kristín Sigríður Magnúsdóttir	Arna Þöll Sigmundsdóttir
Elin Moqvist	Unnur Lís Scram
Guðbjörg Jónsdóttir	Kathrina Andersen
Guðrún Erna Þórisdóttir	Arite Fricke

Námskeið og fræðsla:

Miðvikudagsnámskeiðin voru þrjú að þessu sinni, eitt í janúar með áherslu á ásetu og stjórnun, annað í febrúar með áherslu á trec og hindrunarstökk og það þriðja var í mars og apríl og var áhersla á gangtegundir, tölt og þjálfun reið/keppnishests en þó var aðaláherslan alltaf að hafa gaman og hver tími mótaður að knöpum og hestum hverju sinni svo allir ættu sinn stað og gætu numið það sem þá langaði eða hefðu þörf á. Þátttaka var góð og hjálpaði sumum að undirbúa sig fyrir vetrarmót og Páskamót. Á vetrarnámskeiðunum skiptust **Maiju** og **Oddrún Ýr** reiðkennarar á að sinna krökkunum.

Maiju Varis kenndi **stutt helgarnámskeið til að undirbúa nýliða** fyrir fyrsta vetrarmót enda var þátttaka barna og unglinga góð. (mynd 1: Þorgeir, mynd 2: Odda og stubbar, mynd 3: Sigrún Margrét, mynd 4: Þorgeir Erpur)





Námskeið sérstaklega mótað fyrir þá sem ekki eiga hesta var haldið í mars, yfir helgi og svo aftur í lok Apríl. Allt innifalið svo þau þurftu bara að mæta með góða skapið. Með umsjón og kennslu fóru **Arna Þöll Sigmarsdóttir** og **Þorsteinn Gunnar Þorsteinsson**. Það var frábær þátttaka, um 40 skráningar og gríðarleg ánægja með framtakið.

Keppnisnámskeið var haldið í maí fyrir áhugasama, 5 skipti og snérist um **gæðingakeppni** á útivelli. Það var hugsað sem æfing eða undirbúningur með leiðbeinanda fyrir úrtöku á Gaddsstaðflötum fyrir Landsmót hestamanna. Það var fullt á námskeiðið og krakkarnir reyndust skila sér nokkuð vel á völinn í úrtöku og sumir á Landsmót um sumarið.

Það var líka boðið upp á **einkatíma** fyrir **Opna gæðingamótið á Flúðum** sem fór fram í júlí. Þetta voru 3 æfingátímar rétt fyrir mót og þeir nýttust vel.

Hrísholtsnámskeiðin voru tvö að þessu sinni, hvort um sig tók tæpa viku. Kennsla var daganna 13.-17.júní og 20.-24.júní. Það var endað á grillpylsum og það var í boði að ríða heim eða áleiðis og tilboð var á mat þessar helgar hjá **Faxa veitingastað**, við erum heppin með nágranna. Um 40 manns tóku þátt ásamt aðstandendum **Finnur Jóhannesson** reiðkennari sá um að kenna fyrri vikuna og **Guðrún Margrét Valsteinsdóttir** sá um þá seinni. Það var mikil ánægja með þeirra verk. Þess má geta að fjöldi fólks fór með nemendum og kennurum í reiðtúr síðasta kennsludaginn sem vakti mikinn fögnuð.



Reiðnámskeið var haldið 7.-10. ágúst fyrir hressa krakka í tengslum við **Vallarmótið** sem haldið er fyrir ofan Laugarvatn. Námskeiðið var haldið á **Miðengi** í Grímsnesi og kennarar voru **Dóri og Sandra** sem þar búa. Í lok námskeiðs var riðið ásamt vinum og/eða fjölskyldum frá Laugarvatni upp í **Kringlumýri** þar sem voru grillaðar pylsur, sprellað og gíst. 37 krakkar tóku þátt ásamt sínu fólki.

Keppni: Páskamót var haldið af Hestamannafélaginu Jökli 16.apríl sem er glæsilegt opið töltnót og voru krakkar, ungmenni og unglingar og keppa þar með góðum árangri.

Vetrarmót voru haldin, fyrra vetrarmót var 27.febrúar. Seinna var 27.mars. Þau fóru fram inn í reiðhöll og þátttaka var góð, einkum í polla-og barnaflokk. Svona falleg innanfélagsmót eru mikilvæg fyrstu skref fyrir marga og veitir fleirum pláss en stærri mótin en hvoru tveggja

virðist mikilvægt fjölbreyttu starfi. (mynd 1: pollar fá verðlaun, Mynd 2: Svava Marý, Anna Karen, Kristín og Magnús. Mynd 3: Metta, Svana, Heiðrún, Hildur M)



Úrtaka fyrir LM á Gaddsstaðaflötum var haldin 10.-12. Júní. Krakkar frá Jökli kepptu þar í viðeigandi flokkum með góðum árangri. (mynd: Kristín María og Hildur María)



Landsmót (mynd Þorgeir, Hrói, Magnús, Hildur María) Það voru flottir krakkar og unglingar sem komust inn á langþráð Landsmót hestamanna í júlí og kepptu þar með góðum árangri. Mótið og allt ferlið var mikið ævintýri.



Við áttum fulltrúa á ýmsum mótum eins og Íslandsmóti, Reykjavíkurmóti og Gæðingaveislu Sörla (Myndir: Kristín María)



Gæðingamótið á Flúðum fór fram í júlí með miklum myndarskap, þar kepptu krakkar og unglingar í röðum, okkar krökkum gekk mjög vel og kepptu þau til úrslita (mynd: Magnús Rúnar)



Firmakeppni var haldin 7.maí á Þorkelsvelli í Laugardal. Hann er í fallegu umhverfi við Laugarvatn og það var gaman fyrir fjölskyldur að koma þar saman á vordegi.

Vallarmótið við Laugarvatn hefur verið vinsæll og afar skemmtilegur viðburður. Það var gaman að geta haldið það núna eftir stutt hlé. Margir krakkar tóku þátt í tengslum við reiðnámskeið í Miðengi, gistingu í Kringlumýri og reiðtúr frá Laugarvatni.

Mótið er afar barnvænt og keppt er í flokkum sem henta þeim og unglingum vel. Frjálsræði og **gleði** svífur yfir vötnum. Keppt er í pollaflokk, **smala**, tölti ofl.



Haustferð: Ákveðið var að láta sóttvarnarhömlur ekki stoppa félaganna og lagt var í ferðalag, í nóvember, um sveitirnar heima án þess að brjóta reglur. Það var mjög gaman að heimsækja hrossaræktarbúið og tamningamiðstöðina **Brekku** í Bláskógabyggð. Ábúendur eru Jóhannes Helgason og Helga María Jónsdóttir og þeirra afkomendur og makar. Þau eru öll höfðingjar heima að sækja og það var frábært að fá tækifæri til að skoða og sjá hvað þau eru að gera og uppbygginguna á staðnum sem er stórglæsileg. Eftir þá heimsókn var rennt heim í **Úthlíð** þar sem gistrisnin var ekki síðri hjá vertinum Hjördísi Björnsdóttur og hesthúsaðir voru margir hamborgarar. Að lokum var keyrt í **Efsta-Dal** þar sem rekinn er blandaður búskapur af stórfjölskyldu Snæbjörns og Bjargar, þar gæddu ferðafélagarnir sér á ís á meðan kýr og kálfar sýndu sig bak við gler. Þátttaka var góð eða rúmlega 60 manns.



Annað: Félagar Jökuls létu sjá sig á **17. Júní** hátíðarhöldum í Reykholti, þar riðu 5 krakkar fyrir skróðgöngu. (hægri mynd: Magnús, Ingibjörg, Metta, Nanna, Gabríel)



Sleipnir á Selfossi bauð okkur að vera með í **Hestafjöri**, 26.mars. Við fengum að æfa með þeim og koma fram á sýningu með búningum og allt án endurgjalds. Þetta er mjög skemmtilegt samstarf og við erum afar **þakklát** og viðburðurinn til fyrirmyndar hjá þeim og sérlega áhorfendavænn. (mynd: Ingibjörg Elín)



Samantekt: Starfið hefur gengið vel og það er mikil sókn í sveitarfélögunum og góður andi í félagsmönnum. Nú eru knapamerki komin á fullt og þrír námshópar í gangi í samstarfi við skólanna á svæðinu og nóg að gera. Við hlökkum til að vinna með öðrum sunnlenskum félögum og styrkja böndin bæði við þau og innan okkar félags sem nær orðið yfir stórt starfssvæði.

Takk fyrir samstarfið krakkar, aðrir félagsmenn og kennarar, það er dýrmætt að fá að taka þátt í að sjá ykkur dafna í hestamennskunni og sjá hvernig hún getur leitt ykkur og styrkt áfram veginn.



